

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri
Skógarhlíð 14,
105 Reykjavík

Reykjavík, 17. maí 2016.

Okkur hjá Veðurstofu Íslands langar að færa starfsmönnum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins kærar þakir fyrir skjót og góð viðbrögð við beiðni okkar um aðstoð í gær.

Þegar kælikerfið, sem sér um að halda réttum hita á ofurtölvu dönsku veðurstofunnar og tölvukerfi Veðurstofunnar, hætti að kæla sem skildi og hitastig í tölvusöldum var komið upp í 30 gráður var hringt í 112. Slökkviliðið var komið á staðinn innan skamms tíma og hóf strax handa við að dæla köldu lofti niður í tölvusali Veðurstofunnar. Viljum við meina að sú aðgerð hafi komið í veg fyrir mögulegar skemmdir á tækjum. Það er samdóma álit starfsmanna Veðurstofunnar sem fylgdust með starfsmönnum slökkviliðsins við vinnu sína að þar færi samhentur hópur með fagleg, fumlaus vinnumbrögð, sem vissi nákvæmlega hvað hver átti að gera og hver það væri sem stjórnaði aðgerðum. Það var mjög traustvekjandi að sjá.

Annað verkefni sem beðið var um aðstoð við var að virkja varaleið fyrir kælikerfið, en þar þurfti að veita aðgang að auknu vatnsmagni en við höfum yfir að ráða eins og er. Þá var gripið til þess ráðs að tengja slöngu við brunahana sem staðsettur er hinum megin við götuna. Ekkert hik og ekkert verkefni sem ekki er hægt að leysa, en eins og Sigurður A. Jónsson, aðstoðarvarðstjóri, sagði í fréttum RÚV í gær „Við erum slökkviliðið, við erum með svör við öllu“ er einmitt okkar upplifun.

Kærar þakir fyrir ykkar aðstoð og velvilja gagnvart Veðurstofu Íslands.

Virðingarfyllst,



Hafdís Karlsdóttir,
settur forstjóri Veðurstofu Íslands